

**FRAMSELD ÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1071****2021/EES/57/42****frá 18. maí 2020****um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB að því er varðar að útiloka flug, sem kemur frá Sviss, frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 25. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með 25. gr. a í tilskipun 2003/87/EB er framkvæmdastjórninni veitt vald til að samþykkja ákvæði til að útiloka flug sem kemur frá þriðja landi frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir (EU ETS). Slík ákvæði ættu að stuðla að sem bestu samspili milli viðskiptakerfis ESB með losunarheimildir og ráðstafana þriðja lands til að draga úr áhrifum á loftslagsbreytingar vegna flugsamgangna.
- 2) Samningur milli Evrópusambandsins og Svissneska ríkjasambandsins um að tengja saman viðskiptakerfi þeirra með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ⁽²⁾ (hér á eftir nefnt samningurinn) var undirritaður 23. nóvember 2017 og öðlaðist gildi 1. janúar 2020. Í samningnum er kveðið á um að flug frá flugvöllum sem eru staðsettir á yfirráðasvæði Sviss til flugvalla sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu eigi að vera undanskilið frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir.
- 3) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til að útiloka flug frá flugvöllum, sem eru staðsettir í Sviss, til flugvalla, sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu, frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir. Til að viðhalda stöðugleika að því er varðar skráningu flugrekenda ætti þessi útilokun ekki að hafa áhrif á ákvæði sem undanskilja tiltekna flugstarfsemi frá viðskiptakerfi ESB með losunarheimildir á grundvelli tiltekinnna viðmiðunarmarka með tilliti til fjölda flugferða eða losunar á hvern flugrekanda.
- 4) Því ætti að breyta tilskipun 2003/87/EB til samræmis við það.
- 5) Þar eð samningurinn tók gildi 1. janúar 2020 ætti þessi ákvörðun að gilda frá þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum annars liðar í færslunni „flugsamgöngur“ í dálkinum „starfsemi“ í töflunni í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað annars liðar j-liðar kemur eftirfarandi:

„Flugferðir sem um getur í l-lið eða sem eingöngu eru til flutninga, í opinberri sendiför ríkjandi þjóðhöfðingja konungsríkis og nánustu vandamanna hans, þjóðhöfðingja, ríkisstjórnarleiðtoga og ráðherra aðildarríkis má ekki undanskilja að því er varðar þennan lið.“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 234, 21.7.2020, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2021 frá 9. Júlí 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 322, 7.12.2017, bls. 3.

2) Í stað k-liðar kemur eftirfarandi:

„k) frá 1. janúar 2013 til 31. desember 2030: flugferðir sem myndu, ef ekki væri fyrir tilstilli þessa liðar, falla undir þessa starfsemi á vegum umráðenda loftfara, sem eru ekki með rekstur í atvinnuskyni, sem annast flugferðir þar sem heildarlosun á ári er minni en 1000 tonn (þ.m.t. losun frá flugferðum sem um getur í l-lið),“

3) Eftirfarandi l-lið er bætt við:

„l) „flugferðir frá flugvöllum sem eru staðsettir í Sviss til flugvalla sem eru staðsettir á Evrópska efnahagssvæðinu.“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2020.

Gjört í Brussel 18. maí 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
